

Til minnis _____

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnar-skyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunniið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.


Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI 2016
LYFLÆKNINGASVIÐ

ÁBYRGÐARMENN:
FAGRÁÐ HJARTAHJÚKRUNAR
RÁÐGJÖF: HJÖRTUR ODDSSON HJARTASÉRFRÆÐINGUR

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH

Rafvending



Lyflækningasvið

Rafvending er gerð hjá einstaklingum með gáttatif eða gáttaflókt til að koma hjartslætti þeirra í reglulegan takt aftur.

Einkenni um gáttatif/gáttaflóks geta verið hraður og óreglulegur púls, svimi, úthaldsskerðing, máttleysi, mæði og brjóstverkur. Hjartsláttaróregla getur komið bæði í hvíld og við áreynslu.

Rafvending

Rafvending er gerð á bráðamóttöku spítalans og á Hjartagátt. Hún er gerð í stuttri svæfingu og eru gefin eitt til þrjú rafstuð á brjóstkassann til að leiðrétta óreglulega hjartsláttinn. Ekki er hægt að leiðrétta hjartsláttaróregluna hjá öllum einstaklingum en þá er lyfjagjöf oft breytt og rafvending stundum reynd aftur að nokkrum tíma liðnum. Læknir ásamt hjúkrunarfræðingi og svæfingalækni sjá um rafvendinguna. Stuttverkandi svæfingalyf er gefið í æð, súrefni gefið um maska og rafstuð gefið á brjóstkassann.

Ef innan við tveir sólahringar eru síðan hjartsláttaróreglan byrjaði er mögulegt að gera rafvendingu samdægurs og þá án blóðþynningarmeðferðar.

Blóðþynning

Blóðþynning er oftast nauðsynleg hjá einstaklingum með gáttatif eða gáttaflókt til að draga úr hættu á myndun blóðtappa.

Þeir sem hafa verið lengur en tvo sólahringa með óreglulegan hjartslátt þurfa blóðþynningarmeðferð með Kóvartöflum eða öðrum blóðþynningarlyfjum Eliquis (Apixaban), Pradaxa (Dabigatran), Xarelto (Rivaroxaban) a.m.k. 3-4 vikur fyrir rafvendingu.

Fyrir þá sem taka Kóvar þá tekur alla jafna nokkrar vikur að ná viðunandi blóðþynningargildi (INR) og það þarf að haldast innan kjörmarka í að lágmarki 3 vikur áður en rafvending er framkvæmd.

Þeir sem bíða eftir rafvendingu og eru á Kóvar þurfa að mæta vikulega í blóðþrúfur.

Undirbúningur

Mæting á göngudeild 10E Landspítali við Hringbraut í blóðþrúfu og hjartalínurit og farið heim að því loknu. Þarf ekki að vera fastandi fyrir undirbúning.

Á degi rafvendingar:

Mæting fastandi frá kl. 24 á mat og kl. 04 á drykk á Hjartagátt 10-D kl. 09:30 nema annað sé tilgreint.

Taka hjartalýf og blóðþynningarlyf kl. 07 að morgni rafvendingardags með smá vatnsopa, nema annað sé tekið fram. Þó ekki taka sykursýkislyf.

Kóvar er tekið kl 18 kvöldið fyrir rafvendinguna eins og venjulega.

Lyf

Hafa skal meðferðis upplýsingar um lyf sem tekin eru.

Eftirmeðferð og útskrift

Að rafvendingu lokinni er fylgst með hjartslættinum í hjartarafsja og hjartalínurit er tekið til að staðfesta árangur rafvendingar. Flestir geta útskrifast 1-2 klukkustundum eftir að þeir vakna. Vægur roði og sviði á bringu getur komið fram þar sem rafstuðið var gefið. Roðinn hverfur fljótt en getur valdið óþægindum fyrst á eftir. Gott er að bera kælandi krem á roðann, svo sem Aloe Vera.

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir.

Blóðþynningu er haldið áfram eftir rafvendingu. Hjarta-sérfræðingur tekur ákvörðun um áframhaldandi meðferð. Ráðlagt að hitta hjartasérfræðing 1-2 mánuðum eftir rafvendinguna.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir rannsóknina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Hjartagátt 10D Sími 543 2050
Hjartadeild 14EG Sími 543 6410